

Föstudaginn 17. október 1941.

Nr. 32/1941. **Eigendur og váttryggjendur m/b Drífu N. K. 13 og farms hennar** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn
eigendum og útgerðarmönnum m/b Arnar V. E. 173 og gagnsök (Pétur Magnússon).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Kristinn Ólafsson fulltrúi ásamt samdómsmönnum Lúðviki N. Lúðvikssyni og Páli Þorbjörnssyni.

Aðaláfrýjendur hafa að fengnu uppreistarleyfi 1. apríl þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. s. m. og krafist að svo stöddu aðallega, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að ákvæði héraðsdómsins um skyldur á hendur eigendum og váttryggjendum m/b Drífu verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi að því leyti. Loks krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjendur hafa að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí þ. á. gagnáfrýjað málinu með stefnu 27. s. m. Hafa þeir að svo stöddu mótmælt ómerk-ingarkröfum aðaláfrýjenda.

M/b Örn og m/b Drífa voru bæði endurtryggð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og eiga dómstólarnir þess vegna ekki dóm á kröfum gagnáfrýjenda á hendur eigendum m/b Drífu til bjarglauna fyrir hjálp þá, er í máli þessu greinir, sbr. 11. gr. laga nr. 23/1921 og 23. gr. laga nr. 27/1938. Hins vegar ber dómstólunum úrlausn um kröfu gagnáfrýjenda til bjarglauna á hendur eigendum farms þess, er m/b Drífa flutti. En þar sem í málinu er gerð í einu lagi krafa á hendur eigendum og váttryggjendum m/b Drífu og eigendum farms skips þessa, verður að ómerkja héraðsdóm-inn og alla meðferð málsins og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 8. ágúst 1940.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. júlí síðastliðinn, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 14. júní 1939 af B. P. Kalman hrm. f. h. eigenda og útgerðarmanna m/b Arnar V.E. 173 og skipshafnar hans gegn Friðþjófi G. Johnsen lögfræðingi f. h. Magnúsar Pálssonar skipstjóra, Neskaupstað, vegna eiganda og váttryggjenda m/b Drífu N. K. 13 og farms hennar til greiðslu á, in solidum, subsidiært pro rata, kr. 30000.00, — þar með talið skemmdir á m/b Erni, fatatjón skipshafnar og kostnaður við sjópróf m. m. — í björgunarlaun, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Undir rekstri málsins hefur stefnandinn gert þær varakröfur, að eigandi Drífu og váttryggjendur hennar verði in solidum dæmdir til þess að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun fyrir björgun skipsins eftir mati réttarins, og að váttryggjendur farmsins verði dæmdir til þess að greiða umbjóðendum stefnandans björgunarlaun af farmi skipsins Drífu, sömuleiðis eftir mati réttarins og með vöxtum sem að ofan.

Og til þrautavara hefur stefnandinn krafizt þess, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun af skipi og farmi eftir hlutfallstölu og upphæð, sem rétturinn til tekur, með vöxtum sem að framan.

Og enn til þrautabrautavara hefur stefnandinn gert þær kröfur, að eigendur og váttryggjendur skipsins verði undir öllum kringumstæðum in solidum dæmdir til þess að greiða umbjóðendum hans björgunarlaun fyrir skipið Drífu eftir mati réttarins og með vöxtum sem að framan.

Loks hefur stefnandinn krafizt þess, að honum verði tildæmdur sjóveðréttur í m/b Drífu N.K. 13 til tryggingar ofangreindum dómröfum.

Stefndur hefur fyrst og fremst krafizt þess, að málinu verði vísað frá sjódóminum samkv. 23. gr. laga nr. 27 frá 1938.

En til vara hefur hann krafizt þess, að stefndur verði algerlega sýknaður af öllum réttarkröfum máls þessa, og til þrautavara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og ekki tildæmd nema smávægileg þóknun fyrir litla aðstoð.

Í öllum tilfellum hefur stefndur krafizt tildæmdan málkostnað (svo), hvernig sem málið færi.

Það skal strax fram tekið, að frávisunarkrafa stefnda er hvorki rökstudd né upplýst á nokkurn hátt, á hverju hún byggist, og verður hún þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina.

Málavextir eru eins og hér segir:

Hinn 14. janúar 1939 fór v/b Drífa N.K. 13, skipstjóri og eigandi Magnús Pálsson, frá Neskaupstað áleiðis til Siglufjarðar að sækja beitusild, sem flytja átti til Vestmannaeyja. Á Siglufirði voru látnar í bátinn 20 smál. af frosinni beitusild, og var haft laust í lestinni. Eigandi sildarfarmsins var Óskar Halldórsson h/f, Vestmannaeyjum. Þriðjudagsnóttina 17. s. m. kl. 1, var haldið frá Siglufirði, og komið til Neskaupstaðar kl. 4 f. h. þann 18., en lagt af stað þaðan sama dag kl. 7 f. h. áleiðis til Vestmannaeyja. Í bátnum var ekki annar farmur en beitusildin. Skipstjóri var eigandi bátsins, Magnús Pálsson úr Neskaupstað, en skipshöfnin var, auk hans, stýrimaður og tveir vélamenn. Fjórir farþegar voru með bátnum, einn karlmaður, tveir kvenmenn og ungbarn.

Ferðin gekk ágætlega, unz báturinn var kominn upp undir Vestmannaeyjar á fimmtudagskvöld þann 19. Eftir að komið var vestur fyrir Bjarnarey, var haldið með hálfri ferð og stefna tekin á Heimaklett. Rétt fyrir klukkan níu var báturinn kominn langleiðina inn undir hafnargarða, en skipstjórinn, sem var sjálfur við stýrið, fannst hann vera kominn of nærri suðurlandinu, enda sá hann í þeim svifum upp í syðri hafnargarðinn, en þó ógreinilega, vegna þess að kastljós frá m/s Skeljung, sem lá við bryggju á innri höfn, lýsti á móti Drifu út höfnina. Ákvað hann því að fara fjær landi og gaf vélinni fullt afturábak, með því hann taldi ekki svigrúm að beygja til norðurs og sigla áfram. Um það bil, að ferðin var af bátnum, kenndi hann grunns á skeri, og í þeim svifum stanzaði vél. Vélstjóri og skipstjóri fóru samstundis niður í vélarrúmið og settu vélina viðstöðulaust í gang. Fór skipstjóri upp í stýrishúsið aftur og setti fulla ferð aftur á bak. Losnaði báturinn strax af skerinu, en var þá búinn að höggva þrisvar niður. Þegar báturinn var kominn það langt út á leguna, að skipstjórinn taldi nægilegt svigrúm til þess að snúa bátnum út í, setti hann fulla ferð áfram og lagði stýrið fullt til stjórnborða. Kom þá í ljós, að stýrið var bilað, því báturinn lét ekki að stjórn, og setti því skipstjórinn enn fulla ferð afturábak. Þegar komið var út á venjulega skipalegu, var stjórnborðsakkeri látið falla og gefið út um tveir liðir af keðju, en bakborðsakker haft til vara og um þrír liðir af keðju, ef á þyrfti að halda, sem ekki varð.

Var síðan andæft á keðjunni, meðan báturinn var að snúast, en brátt stöðvaðist vél, og vélstjórinn skýrði þá skipstjóra svo frá, að það væri vegna þess, hve mikill sjór væri kominn í bátinn.

Þegar strandið varð, var blásið í þokulúður og send út neyðarköll frá talstöð skipsins. Skipstjórinn hefur haldið fram í sjóréttinum, að hann hafi ekki vitað til, að kallað hafi verið á hjálp í talstöðina, en í málinu hefur verið lögð fram skýrsla loftskeytastöðvarinnar hér, sem sýnir, að svo hefur verið gert, en ekki er upplýst, hver talað hafi. Samkvæmt skýrslu stöðvarinnar kallar Drífa kl. 20,55 og segist vera að fara upp í hafnargarðinn, og kl. 21 biður Drífa um hjálp strax til að taka mannskapinn, segir stýrið brotið og bátinn alveg að fara upp í garðinn. Og enn kallar Drífa kl. 21,05, að báturinn sé að fyllast af sjó, vélin sé að stoppa og stýrið brotið. Eftir þetta var ekki kallað frá Drífu og ekki svarað kalli frá loftskeytastöðinni.

Þegar Drífa var lögzt út á og rétt í sömu svifum og vélin var að stöðvast, kom vélbáturinn Örn V.E. 173 þar, og var spurt, hvað að væri. Var þá kallað frá Drífu, að mikill leki væri kominn að skipinu og það væri að sökkva, beðið um, að skipið yrði þegar í stað dregið inn á höfn eða skipshöfnin tekin úr því yfir í Örn.

Með því að þeim á Erni þótti hættulegt vegna sjávargangs að leggja bátunum saman til að taka fólkið, var ákveðið að koma dráttarvirk um borð í Drífu og reyna að draga hana inn á höfn. Þegar hafinn var undirbúningur að því að koma dráttarvirk um borð í Drífu, kom björgunarbátur úr landi og lagðist að Drífu og tók konurnar og barnið og fór með þau í land.

Síðan var Erni haldið fram með Drífu bakborðsmegin og komið um borð dráttarvirk og síðan grastrossu til viðbótar, og er búið var að festa þetta hvorttveggja, slepptu þeir á Drífu legufestinni.

Var því næst haldið af stað, með Drífu í togi, en þar sem hún ekki lét að stjórn, af því að stýrið var brotið, varð Örninn að slaga sitt á hvað til að halda Drífu á réttri leið. Brátt slitnaði virinn, sem dregið var í, en kom ekki að sök, með því að grastrossan hélt. Til að varna því að Drífa lenti á eða of nærri Hring-skersgarðinum, varð Örninn að halda norður undir Hörgeyrargarð, og lenti svo nærri, að brotsjór kom á bátinn, enda var þá fjara og grunnt þarna. En Örninn hafði sig út aftur. Gekk síðan greiðlega að draga Drífu inn, og var hún komin upp að Bása-skersbryggju um kl. 10½.

Þá kom í ljós, að ekki hafði komið að bátnum verulegur leki, og vélin hafði ekki stanzað af því að svo mikill sjór væri kominn, heldur vegna vanstillingar á oliugjöfinni, svo vélin kældi sig, samkvæmt upplýsingum vélstjórans.

Eftir uppgjöf veðurathugunarstöðvarinnar á Stórhöfða hér var stormur á suðaustan, er strandið varð, og vindstyrkur 7. En þess ber að gæta, að sú athugun er gerð á bersvæði rúmum 122 metr-um yfir sjávarmál og vindstyrkur þar því hærri en á höfninni, en ekki er vitað, hve miklu það ætti að muna. Þó er ekki líklegt,

að það geti munað upp undir tveimur vindstigum, eins og stefndur heldur fram og sum vitni bera. Veður var vaxandi, og um miðnætti gefur veðurathugunarstöðin upp, að vindur hafi verið orðinn 8 stig.

Sjógangur virðist hafa verið nokkur, aðallega vindkvika eða krappakvika, en ekki undiralda.

V/b Drifa N.K. 13 er í málinu talin 38 smál. og tryggð fyrir 61500 kr. hjá Bataábyrgðarfélagi Norðfjarðar með endurtryggingu hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en farmurinn tryggður hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands fyrir 7000 krónur. Aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir í málinu um verðmæti skips og farms. Hins vegar fór fram mat á skemmdum þeim, sem á Drifu urðu við strandið, og voru þær metnar á 4500 krónur. En farmurinn skemmdist ekkert.

Rétturinn verður að lita svo á, að v/b Drifa hafi ekki verið stödd í neyð, er hún var lögzt á stórskipalegunni, þannig að yfirvofandi hætta hafi verið fyrir hendi. Það er ekki óhugsandi, að Drifa hefði getað legið þarna til morguns, að birti, eða jafnvel komið hjálparlaust inn með neyðarstýri, þar sem að svo reyndist, að vélin var í lagi, því vegalengdin inn fyrir hafnarmynnið var örstutt og undan vindi.

Hins vegar litur rétturinn svo á, að um mjög verðmæta aðstoð hafi verið að ræða af hendi v/b Arnar, ekki sízt vegna farmsins, sem var ónýtur, ef hann hefði blotnað af sjó. Hjálpin var vel og fljótt framkvæmd og með mikilli áhættu, þar sem Örninn varð að fara svo nærri grynningum utan við Hörgeyrargarðið, að braut á bátnum, enda um fjöru, sem jók á áhættu og erfiðleika verksins. Hjálpin hafði í för með sér nokkurn tilkostnað fyrir v/b Örn, því litilsháttar skemmdir urðu á bátnum, sem er vont svona í byrjun vertiðar, og skipverjar, sem sumir voru í góðum fótum, urðu fyrir fataskemmdum.

Að öllu þessu athuguðu og með hliðsjón af verðmæti því, sem um var að ræða, þykir réttinum greiðsla sú, er stefnandanum beri fyrir hjálpina, hæfilega ákveðin 5000 krónur, þar af $\frac{1}{3}$ hluti ákveðinn með sérstöku tilliti til farmsins.

Þar sem rétturinn litur svo á, að eigi sé um að ræða björgunarlaun samkv. 10. kap. siglingalaganna, fylgir eigi sjóveðréttur kröfunni.

Hins vegar ber að taka til greina kröfu stefnandans um greiðslu vaxta, er ákveðst 5% frá 14. júní 1939 til greiðsludags.

Enn fremur ber að tildæma stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 450 krónur.

Dómurinn tekur fram, að dómsuppsögn hafi dregið litilsháttar vegna anna dómara, og málið allyfirgripsmikið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Friðþjófur G. Johnsen f. h. Magnúsar Pálssonar vegna eiganda og vátryggjenda v/b Drifu N.K. 13 og farms hennar, greiði stefnandanum, B. P. Kalman f. h. eigenda og útgerðarmanna v/b Arnar V.E. 173 og skipshafnar hans, kr. 5000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. júní 1939 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. október 1941.

Nr. 45/1941. **Réttvísín** (Einar Ásmundsson cand. jur.)
gegn

Ingibjörgu Láru Ágústsdóttur,
(Sigurður E. Ólason cand. jur.)

Óskari Þóri Guðmundssyni,
Þorbergi Gunnarssyni og

Kristjáni Ingvari Kristjánssyni
(Magnús Thorlacius cand. jur.).

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu Ingibjargar Láru varða að nokkru við 257. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 og að nokkru við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og ákveðst refsing ákærðu samkvæmt síðarnefndri grein sbr. að nokkru 2. gr. laga nr. 19/1940 6 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Þorbergs Gunnarssonar varða við 257. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst samkvæmt 248. sbr. 2. og 78. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 4 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Kristjáns Ingvars Kristjánssonar varða og við 257. gr. sbr. 2. málslíð 48. gr. hegningarlaga 1869, en refsing hans ákveðst eftir 248. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 2. gr. sömu laga 2 mánaða fangelsi.

Brot ákærða Óskars Þóris Guðmundssonar varða við 257. sbr. 1. málslíð 48. gr. hegningarlaga 1869 og að nokkru við